



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 5 – Þingsályktun

### Þingsályktun - leyfiskerfi

Körfuknattleiksþing 2023 beinir því til stjórnar KKÍ að hefja vinnu á leyfiskerfi fyrir úrvalsdeild karla og úrvalsdeild kvenna. Drög að leyfiskerfi skal kynna á formannafundi í janúar 2024 með það fyrir augum að leyfiskerfið taki gildi keppnistímabilið 2024-2025.

#### Greinargerð:

Stjórn KKÍ telur þarft að samræma og skýra upp með hvaða hætti körfubolti skal spilaður á efsta stigi. Leyfiskerfi þekkist bæði í deildum hjá þeim þjóðum sem við horfum hvað mest til, ásamt þess sem nokkur önnur sérsambönd innan ÍSÍ hafa mótað sín leyfiskerfi með góðum árangri. Leyfiskerfinu er ætlað að auðvelda sjálfboðaliðum að skilja þær kröfur sem settar eru á og samræma framkvæmd leikja eins vel og unnt er. Þannig verður sjálfboðaliðum, starfsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og dómurum gert enn frekar kleift að einbeita sér að sinna sínum störfum af kostgæfni.

Stjórn KKÍ

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
Afgreitt:  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld